

**S A M Þ Y K K T****um hundahald í Ólafsfirði.****1. gr.**

Hundahald er bannað í Ólafsfirði, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

**2. gr.**

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á bæjarskrifstofu og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal **upphæð** þess við það miðuð. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð. Eigendum þarfahunda á lögbýlum er þó skylt að sjá til þess að hundarnir flækist ekki um lausir í bænum.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum sem um bæinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið í vörslu sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

**3. gr.**

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1977.*

**F. h. r.**

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*